

Fiskeldi Austfjarða hf. (áður ehf.)
Strandgötu 18
735 Eskifirði

Egilsstaðir, 26.10.2023
UST202302-050/F.Æ.
08.12.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 19.9.2023 - Fiskeldi Austfjarða, Fáskrúðsfirði

Þann 19. september sl. fór fram eftirlit í fiskeldisstöð Fiskeldis Austfjarða, Fáskrúðsfirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin eldri frávík voru opin þegar eftirlitið fór fram.

Fjórar ábendingar voru settar fram í eftirlitinu er varða:

1. Allir útreikningar vegna útstreymisbókhalds þurfa að fylgja með skilum til Umhverfisstofnunar til að hægt sé að sannreyna þá.
2. Skila skal endurskoðuðum umhverfismarkmiðum til eftirlitsaðila á a.m.k. fjögurra ára fresti.
3. Senda skal Umhverfisstofnun endurskoðaða vöktunaráætlun til samþykktar.
4. Öryggisblöð skulu vera tiltæk þar sem efni eru annað hvort geymd eða notuð.

Eitt frávík kom fram er varðar:

1. Gr. 4.3 í starfsleyfi. Fullnægjandi umhverfisupplýsingum var ekki skilað á tilskildum tíma.
Umhverfisupplýsingum var skilað 2. maí sl. og er frávikinu því lokað

Virðingarfyllst

Freyr Ævarsson
sérfræðingur

Sigríður Kristinsdóttir
teymisstjóri